

34. aðalfundur Landssambands smábátæigenda Tillögur til sjávarútvegsnefndar frá svæðisfélögum

Efnisyfirlit

Tillögur til sjávarútvegsnefndar frá svæðisfélögum	1
Stjórnkerfi fiskveiða	1
Strandveiðar	3
Makrílveiðar.....	6
Grásleppuveiðar.....	6
Humarveiðar	8
Hvítlúða	9

Stjórnkerfi fiskveiða

1. Snæfell leggur til að leyfðar verði netaveiðar á krókaafلامarksbátum.
2. Snæfell ályktar að LS beiti sér fyrir því að tegundatilfærslur verði færðar til fyrra horfs.
3. Skalli mótmælir harðlega ákvörðun sjávarútvegsráðherra að lækka aflaviðmiðun til línuívilnunar.
4. Skalli skorar á sjávarútvegsráðherra að beita sér fyrir breytingum á reglum um línuívilnun þannig að hún nái til allra dagróðrabáta í krókaafلامarki og báta minn en 30 brt.

Með breytingunni væri verið að koma til móts við sjónarmið stjórnvalda að draga úr kolefnislosun við fiskveiðar.

5. Smábátafélag Reykjavíkur hafnar alfarið sameiningu aflamarks og krókaafلامarks og því að leyfa netaveiðar krókaafلامarksbáta.
6. Smábátafélag Reykjavíkur telur að línuívilnun eigi að breyta í krókaívilnun, þar sem allir dagróðrabátar í aflamarki og krókaafلامarki fái notið hennar.

7. Það er eindregin skoðun Smábátafélags Reykjavíkur að handfæraveiðar smábáta eigi að vera með öllu frjálssar.

8. Reykjanes hafnar alfarið kvótasetningu á hlýra.

Greinargerð.

Það má reikna með því að 250 milljón króna aflaverðmæti verði hent í sjóinn miðað við veiði á hlýra síðasta fiskveiðiár.

9. Str.v.f. Krókur leggur til að reglum um línuívilnun verði breytt. Ívilnun verði 20% og reiknist á allan afla að 5 tonnum í hverjum dagróðri. Þar sem afli er umfram það sem kemur til ívilnunar taka útreikningar mið af samsetningu heildarafa róðursins.

10. Str.v.f. Krókur hafnar öllum hugmyndum um frekara afnám takmarkana á veiðarfæranotkun í krókaafلامarkskerfinu.

11. Klettur leggur til að veiðarfæratákmörkin í krókaafلامarkskerfi verði endurskoðaðar með það að markmiði að heimila netaveiðar krókabáta.

Greinargerð

Umræða um netaveiðar krókabáta var mikil á síðasta landsfundi LS. Atkvæðagreiðsla um málið féll mjög naumt á fundinum og einkenndust skoðanaskipti og umræður um málið oft á tíðum af forræðishyggju og samþykktum frá aðildarfélögum þar sem lítil sem engin málefnaleg umræða hafði farið fram.

Möguleikinn til að veiða í net getur stórminnkað útgerðarkostnað hjá þeim sem það kjósa. Ekki liggja fyrir því nein rök hvers vegna útgerðir mega ekki veiða sínar heimildir í net. Krókaafلامarkskerfið er nú þegar takmarkað af 15 metra löngum bátum og svo verður áfram, jafnvel þó netaveiðar yrðu heimilaðar.

Við teljum nauðsynlegt að koma til móts við útgerðir á þessum erfiðu tímum í greininni, og að allir geti valið hvernig þeir sækja sínar heimildir.

12. Fontur hafnar því að bátar í krókaafلامarkskerfinu megi veiða í net.

13. Elding samþykkir að línuívilnun nái til allra dagróðrabáta undir 30 tonnum sem að róa með línu það er landbeitt, trekt og vélabeitningu.

14. Drangey skorar á stjórnvöld að taka upp fyrri takmarkanir á veiðum með dragnót á Skagafirði þannig að þær verði óheimilar innan línu sem dregin er milli Ásnefs í vestri í norðurhorn Þórðarhöfða í austri.

Drangey beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar Skagafjarðar að beita sér í þessu máli til hagsbóta fyrir smábátaútgerð á Skagafirði.

15. Árborg samþykkir að sett verði sérstök handfæraívilnun á krókaflamarksbáta og aflamarksbáta undir 30 tonnum.

Greinargerð.

Þar sem mikið magn af aflaheimildum hefur brunnið inni í línuívilnunarþotti síðustu ár vegna samdráttar í landbeitningu væri tilvalið að nota þessar heimildir sem ívilnun á krókaflamarksbáta til að efla handfæraveiðar enn frekar.

16. Árborg samþykkir að vegna erfiðleika sem steðja að útgerðum krókaflamarksbáta sé óhjákvæmilegt að auk línu- og handfæraveiða verði þeim heimilt að nota net við veiðar.
17. Árborg leggur til að veiðar með dragnót innan 3 sjómílna við suðurströndina verði bannaðar.
18. Félag smábátæigenda á Austurlandi vill að línuívilnun verði aukin hjá bátum 15 metrar og styttri, sem stunda dagróðra. Línufiskur er eftirsótt gæðavara, auk þess eru línuveiðar mun umhverfisvænni en togveiðar.
19. Félag smábátæigenda á Austurlandi vill að hægt verði að segja sig frá strandveiðum og fá aftur almennt veiðileyfi hvenær sem er á strandveiðitímabilinu.

Strandveiðar

20. Sæljón skorar á stjórnvöld að veiðitímabil strandveiða verði frá 15. mars til 15. september ár hvert á öllum veiðisvæðum. Innan þessa tíma megi hver bátur velja sína daga til róðra, eða alls 48 veiðidaga á tímabilinu. Með þessu verður meiri jöfnuður á milli svæða með tilliti til fiskgengdar á grunnslóð og öryggi sjómanna vex.

21. Sæljón lýsir yfir ánægju með framkvæmd strandveiða á nýliðnu tímabili og skorar á stjórnvöld að í breyttu kerfi strandveiða verði svæðisskiptingu við strandveiðar breytt m.a. með því markmiði að Akranes verði skilgreint með vestursvæðinu og flytjist yfir á svæði A.
22. Strandir samþykkir að strandveiðikerfið verði þróað áfram til að bæta afkomu útgerða strandveiðibáta.
23. Snæfell fagnar þeim breytingum sem voru gerðar á strandveiðikerfinu sumarið 2018 og hvetur til að þær verði festar í sessi.
24. Skalli krefst þess að tryggðir verði 12 dagar til strandveiða í hverjum mánuði tímabilið maí - ágúst.
25. Smábátafélag Reykjavíkur leggur til að strandveiðar verði leyfðar 16 daga í mánuði og að lágmarki 4 mánuði á ári. Þá krefst aðalfundurinn þess að strandveiðitímabilið fyrir vesturhluta D svæðisins hefjist 1. mars.
26. Reykjanes leggur til að strandveiðar verði lengdar um 2 mánuði og verði frá 1. mars til 31. ágúst þar sem fiskgengd við suðvesturhornið er frá mars til júní.
27. Reykjanes krefst þess að aftur verði teknir upp pottar á hverju strandveiðisvæði fyrir sig, þ.e. A, B, C og D.

Greinargerð.

Til þess að hægt sé að vera með mismunandi veiðitíma á veiðisvæðum þarf að vera veiðipottur á hverju svæði.

28. Str.v.f. Krókur leggur til að fyrirkomulag strandveiða 2018 verði fest í sessi, með eftirtalinni breytingu:
bátur geti fengið strandveiðileyfi sem gildir í 4 mánuði samfleytt, leyfilegt verði að veiða 48 daga á tímabilinu að hámarki 4 daga í viku að eigin vali, og með núverandi takmörkunum á aflamagni, rúllufjölda og 14 tíma reglunni.
29. Str.v.f. Krókur leggur til að fyrirkomulag strandveiða 2018 varðandi ufsa verði fest í sessi.

30. Klettur fagnar því skrefi sem hefur verið tekið í rétta átt með strandveiðifyrirkomulaginu sem var 2018 og leggur það til við 34. aðalfund LS að haldið verði áfram á sömu braut. Þó teljum við mikilvægt að auka dagaval og helst að eyða forræðishyggju með val á dögum. Aðstæður útgerðaraðila eru misjafnar og afar misjafnt hvenær hentar að róa. Þá mótmælum við algerlega svæðaskiptingu strandveiðisvæða, þar sem bátar voru njörvaðir niður á það svæði sem þeir höfðu stundað veiðar árið á undan.

31. Fontur lýsir ánægju sinni með þá tilraun sem gerð var á strandveiðum á sl. fiskveiðiári. Fontur leggur áherslu á að strandveiðar að verði heimilaðar 4 daga í hverri viku í þá 4 mánuði sem veiðarnar má stunda.

Breytingin er nauðsynleg til að bregðast við fækkun báta sem stundað hafa strandveiðar á sl. tveimur fiskveiðiárum. Aðrar reglur óbreyttar.

32. Elding lýsir yfir ánægju með þær breytingar sem gerðar voru á strandveiðikerfinu síðastliðið vor, áréttar þó að krafan er 4 dagar í 4 mánuði og að sunnudegi verði bætt við sem veiðidegi.

33. Drangey telur að sú tilraun sem gerð var á þessu ári með skipulag strandveiða hafi í meginatriðum reynst vel. Styður félagið áframhald þess að því gefnu að tryggt verði að aldrei komi til stöðvunar veiða þá 4x12 daga sem þær eru heimilar.

Í ljósi markaðsaðstæðna og gæfta er lagt til að einnig verði heimilt að veiða á sunnudögum.

Einnig fagnar Drangey því að ufsi hafi ekki verið talinn til kvóta.

34. Báran skorar á stjórnvöld að tryggja 48 daga til strandveiða á hverju fiskveiðiári.

35. Árborg samþykkir að strandveiðitímabilið nái frá 1. apríl - 30. september og taki þannig til fiskgengdar á hverju veiðistæði. Hvert leyfi gildi í 4 samfellda mánuði.

36. Árborg krefst þess að svæðaskipting verði afnumin á strandveiðum.

37. Félag smábátæigenda á Austurlandi telur að landið skuli EKKI vera með einn sameiginlegan strandveiðipott. Vill fundurinn að aflaheimildum ætluðum til strandveiða verði skipt niður á svæði líkt og verið hefur undangengin ár á meðan hverjum strandveiðibát eru ekki tryggðir 12 veiðidagar í mánuði, 4 mánuði á ári.

Makrílveiðar

38. Sæljón telur að hlutur smábáta í makrílkvótanum við Ísland eigi að vera að lágmarki 16.000 tonn.
Sæljón harmar stjórnun þessara veiða sl. ár og lýsir vanþóknun sinni á þeim vinnubrögðum sem notuð voru við ákvarðanatöku að veiðunum.
39. Strandir krefst þess að frjálssar veiðar verði á makríl á króka.
40. Smábátafélag Reykjavíkur krefst frjálssra makrílveiða smábáta á handfæri.
41. Str.v.f. Krókur leggur til að krókaveiðar á makríl verði gefnar frjálssar og að hlutdeild þeirra í veiðunum verði lágmark 16%.
42. Str.v.f. Krókur leggur til að leigupottur makríls (ráðherrapottur) verði festur í sessi og að ónýttar makrílveiðiheimildir (umfram leyfilega tilfærslu milli ára) verði fært sem viðbót við leigupott næstu makrílvertíðar.
43. Árborg leggur til að makrílveiðar verði gefnar frjálssar og reglugerð sem gefin var út fyrir fjórum árum verði felld úr gildi, heildarúthlutun verði 16%.

Grásleppuveiðar

44. Sæljón mótmælir harðlega enn og aftur þeirri ákvörðun að loka svæðum að fengsælum miðum við grásleppuveiðar í Faxaflóa vegna æðarvarps. Fundurinn krefst þess að 4. málsgrein 9. greinar í reglugerð um hrognkelsaveiðar nr. 202 frá 4. mars 2016 verði tafalaust felld úr gildi.

Greinargerð

Fjórir æðarbændur nýta varp á litlum hluta þessa svæðis en hafa náð með „lobbýisma“ að koma þessu banni í gegn. Benda má á að athugun fór fram á fjölda æðarfugla sem komu í net, en þessi athugun var framkvæmd af sérstökum eftirlitsaðila utan þeirrar skráningar sem grásleppusjómenn sjálfir skrá.

Sæljón telur að skoða þyrfti breytingar á skipulagi grásleppuveiða er gengu út á það að öll landsvæði byrjuðu veiðar á sama tíma. Þá telur fundurinn að Landssamband smábátaeigenda eigi að þrýsta á að hrognakaupendur gefi út verð sín viku áður að vertíð hefjist.

45. Sæljón leggst gegn áformum stjórnvalda um að kvótasetja veiðar á grásleppu. Ljóst er að við kvótasetningu veiðanna munu aflaheimildir færast á færri hendur og nýliðun við veiðarnar mun verða erfiðari en nokkru sinni fyrr.
46. Strandir leggur til að fyrirkomulag grásleppuveiða verði óbreytt eins og undanfarandi ár. Fundurinn mótmælir harðlega hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.
47. Snæfell leggur til að heimilt verði að sameina 2 grásleppuleyfi á bát.
48. Snæfell leggur til að við kvótasetningu grásleppu verði haft til hliðsjónar hvernig dagakerfinu var komið í kvóta þannig að allir handhafar grásleppuleyfa fái ákveðið lágmark.
49. Snæfell leggur til að nú þegar verði hafin vinna að kvótasetningu ,þ.e.a.s. aflamark per bát á grásleppu. Við þessa vinnu er frumskilyrði að veiðiskylda sé 0% og að við kvótasetningu verði viðmiðunartíminn við útreikning aflaviðmiðunar mjög langur, eða að lágmarki 7 ár.
50. Skalli mótmælir kvótasetningu á grásleppu meðan ekki liggur fyrir nákvæm útfærsla. Fundurinn telur jafnframt að núverandi fyrirkomulag, þ.e.a. veiðitími liggji ekki fyrir áður en vertíð er hafin, sé algerlega óásættanlegt.
51. Smábátafélag Reykjavíkur hafnar með öllu kvótasetningu á grásleppu.
52. Reykjanes leggur til að dagafjöldi verði áfram stjórnþæki við veiðar á grásleppu og hafnar kvótasetningu á henni.

Greinargerð.

Kvótasetning hefur í för með sér röskun veiðanna og samþjöppun veiðiréttar frá litlum útgerðum til stórra útgerðaraðila.

53. Str.v.f. Krókur hafnar öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.
54. Str.v.f. Krókur leggur til að hægt verði að nýta grásleppudagana betur með því að tilkynna inn ef ákveðið er að draga upp og telji þá ekki tíminn fyrir en lagt er aftur.
55. Klettur leggur það til við 34. aðalfund LS að mótmælt verð öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu, en bendir á að nauðsynlegt sé að gera endurbætur á núverandi kerfi, bæði við ákvörðun um fjölda veiðidaga og fyrirkomulag veiða.
56. Fontur mótmælir kvótasetningu á grásleppu.
57. Elding mótmælir öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu. Hætt er við að það fari eins og með kvótasetningu á makríl (það er að aðeins um 30% bátanna stundi veiðarnar).
58. Báran lýsir stuðningi við framkomnar hugmyndir um að grásleppuveiðum verði stjórnað með kvótum.
59. Árborg mótmælir harðlega kvótasetningu á grásleppu.
60. Félag smábátaeigenda á Austurlandi hafnar hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu. Einnig vill fundurinn að hægt sé að gera hlé á veiðum.

Humarveiðar

61. **Humarveiðar í gildrum samhliða þróun á veiðum, vinnslu og markaðsetningu grjótkrabba**
Sæljón vill kanna möguleika þess að heimila humarveiðar í gildrum í Faxaflóa samhliða veiðileyfi á grjótkrabba.

Einnig skorar fundurinn á stjórnvöld að huga alvarlega að skaðsemi trollveiða á humri á lífríki sjávar. Út frá rannsóknum á skaðsemi trollveiða liggur það í augum uppi að ekki verði hægt að bjóða náttúrunni upp á slíkar aðfarir til lengdar.

Humarveiðar í gildrur lágmarkar áhrif á lífríki hafsins og eykur nýtingu auðlindarinnar til muna.

Greinargerð

Grjótkrabbi er ný nytjategund innan veiðilögsögu Íslands og finnst hann nú í miklu magni í Faxaflóa. Ljóst er þó að löng og kostnaðarsöm þróunarvinna er framundan í veiðum, vinnslu og markaðssetningu á grjótkrabba áður en nýting á honum verði arðbær. Ómögulegt er fyrir smábátaeigendur að standa straum af kostnaði við slíka þróunarvinnu. Með því að heimila humarveiðar í gildrur upp að vissu marki samhliða veiðum á grjótkrabba væri hægt að dekkja hluta þess kostnaðar og hvetja útgerðarmenn til frekari þróunarvinnu við nýtingu á grjótkrabba, sem í framtíðinni yrðu sjálfbærar og umhverfisvænar veiðar.

Hvítlúða

62. Snæfell vill leyfa löndun á hvítlúðu sem meðafla við krókaveiðar, enda sé ekki um beina sókn að ræða. Um andvirði aflans skal fara með eins og andvirði annars afla.
63. Str.v.f. Krókur leggur til að leyfð verði löndun á hvítlúðu sem meðafla, enda sé ekki um beina sókn að ræða.